



Fyrir matvöruverslanir vegna COVID-19

Góð ráð til stjórnenda

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur mælist til að matvöruverslanir fylgi leiðbeiningum frá Embætti landlæknis og setji í gang eftirfarandi verklag til að koma í veg fyrir að smit berist milli manna:

- Tryggið að allir viðskiptavinir beri grímur inni í versluninni og að grímur séu notaðar á réttan hátt, nema viðskiptavinur geti sýnt fram á vottorð sem undanskilur viðkomandi við grímunotkun.
- Takmarka skal fjölda viðskiptavina í verslun svo þeir geti haldið 2 metra bili á milli sín.
- Hafið handspritt og/eða handþvottaaðstöðu við alla innganga.
- Hvetjið viðskiptavini til að halda 2 metra bili á milli sín þegar þeir versla t.d með áberandi skiltum í verslun.
- Upplýsa skal viðskiptavini með áberandi skilti um góð ráð til að hindra smit í versluninni.
- Tryggið góða útloftun í öllum rýmum.
- Tryggið að starfsmenn með sjúkdómseinkenni komi ekki til vinnu. Sjá leiðbeiningar um einkenni á heimasíðu Embættis landlæknis.
- Passið upp á þrif á algengum snertiflötum – bæði á heimilum og vinnustað, leggið m.a. áherslu á síma, hurðarhúna, spjaldtölvur, lyklaborð.
- Tryggið að starfsmenn getið haldið fjarlægð, bæði sín á milli og við viðskiptavini.
- Starfsmenn skulu ekki deila matvælum á kaffistofu starfsmanna.
- Ávallt skal tryggja gott persónulegt hreinlæti og fara eftir umgengnisreglum.